

Lög fyrir Félag um fötlunarrannsóknir

1. grein. Heiti

Heiti félagsins er Félag um fötlunarrannsóknir. Á ensku er heiti félagsins Icelandic Network on Disability Research (INDR). Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

Félagið er aðili að norrænum samtökum um fötlunarrannsóknir, NNDR, Nordic Network on Disability Research.

2. grein. Markmið

Markmið félagsins er að efla rannsóknir og þróunarstarf í málefnum fatlaðs fólks á Íslandi með því að

- Skapa vettvang fyrir fræðilega og faglega umræðu um rannsóknir og þróunarstarf
- Efla þekkingu á rannsóknum og þróunarstarfi
- Beita sér fyrir útgáfu á fræðilegu efni um málefni fatlaðs fólks á íslensku
- Stuðla að aukinni þekkingu og færni á sviði fötlunarrannsókna
- Skapa vettvang fyrir þverfaglegt samstarf um fötlunarrannsóknir
- Efla samstarf um rannsóknir milli fatlaðs fólks og fræðimanna
- Stuðla að norrænu og alþjóðlegu samstarfi og tengslum á sviði fötlunarrannsókna

3. grein. Félagsaðild

Félagar geta allir orðið sem hafa áhuga á rannsóknum og þróunarstarfi í málefnum fatlaðs fólks. Hægt er að skrá sig sem féлага á heimasíðu félagsins á <http://www2.hi.is/page/FUF>

4. grein. Félagsgjöld og fjármál

Í upphafi eru félagsgjöld ekki lögð á félagsmenn en aðalfundur félagsins getur tekið ákvörðun um greiðslu félagsgjalda og upphæð þeirra. Gjaldkeri félagsins annast umsjón með fjárreiðum þess. Leggja skal endurskoðaða reikninga fyrir aðalfund til samþykktar. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

5. grein. Starfsemi

Upplýsingum til félagsmanna er miðlað gegnum heimasíðu félagsins og með tölvupósti. Á heimasíðu þess eru einnig veittar upplýsingar um fundi, fyrirlestra, ráðstefnur, málþing, útgáfu og annað sem snertir starfsemi félagsins. Félagið heldur viðamikla ráðstefnu um fötlunarrannsóknir annað hvert ár auk smærri málþinga, fyrirlestra og annarra viðburða.

6. grein. Aðalfundur

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur er haldinn annað hvert ár í tengslum við ráðstefnur félagsins (sem haldnar eru á jöfnum ártölum) og skal hann boðaður með mánaðar fyrirvara. Fundurinn kýs félaginu sjö manna stjórn sem annast málefni þess á milli aðalfunda. Formaður skal kosinn sérstaklega. Á aðalfundi skal leggja fram skýrslu stjórnar og skýrslur nefnda og starfshópa eftir því sem við á. Einnig eru reikningar félagsins lagðir fram á aðalfundi. Aðalfundur kýs tvo skoðunarmenn reikninga félagsins. Einungis skráðir félagar hafa kjörgengi og kosningarétt. Dagskrá aðalfundar er eftirfarandi:

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar og starfsnefnda
- Reikningar félagsins
- Ákvörðun félagsgjalda
- Lagabreytingar
- Kosning formanns
- Kosning sex stjórnarmanna
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
- Önnur mál

7. grein. Stjórn

Stjórn félagsins skipa formaður og sex aðrir stjórnarmenn sem kjörnir eru til tveggja ára. Stjórnin skiptir með sér verkum og velur gjaldkera og ritara úr sínum röðum. Stjórn félagsins getur skipað starfsnefndir eftir því sem hún telur ástæðu til. Stjórn félagsins tilnefnir fulltrúa í stjórn NNDR. Þremur mánuðum fyrir aðalfund skipar stjórn félagsins þriggja manna kjörnefnd sem annast undirbúning stjórnarkjörs á aðalfundi.

8. grein. Breytingar á lögum félagsins

Lögum félagsins verður einungis breytt á aðalfundi. Tillögur að lagabreytingum skulu berast stjórn félagsins þremur vikum fyrir aðalfund. Fram komnar tillögur skulu kynntar félagsmönnum. Breytingar á lögum þessum öðlast ekki gildi nema með 2/3 hluta greiddra atkvæða fundarmanna.

9. grein. Félagsslit

Aðalfundur einn getur slitið félaginu. Með tillögu um félagsslit skal fara eins og um breytingu á lögum félagsins væri að ræða. Ef félagið á einhverjar eignir við félagsslit skal ráðstafa þeim í samræmi við markmið félagsins.

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi Félags um fötunarrannsóknir sem haldinn var í Reykjavík 23. nóvember 2006. Með áorðnum breytingum samþykktum á aðalfundi 18. apríl 2008 og á aðalfundi 12. mars 2010.